

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnuáalastofnunar – apríl 2023

## Skráð atvinnuleysi í apríl var 3,3%

Skráð atvinnuleysi í apríl var 3,3% og minnkaði úr 3,5% í mars. Í apríl 2022 var atvinnuleysið hins vegar 4,5%.

Að meðaltali voru 6.345 atvinnulausir í apríl, 3.522 karlar og 2.823 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 317 frá mars.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í apríl eða 4,6% og minnkaði úr 5,2% í mars. Hins vegar var atvinnuleysið þar 7,6% í apríl 2022.

Næst mest var atvinnuleysið 3,6% á höfuðborgarsvæðinu og minnkaði úr 3,8% í mars. Hins vegar var atvinnuleysi þar 4,7% í apríl 2022.

Alls komu inn 364 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnuáalastofnun í apríl.

Í apríl 2023 gaf Vinnuáalastofnun út 214 atvinnuleysi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 177 á höfuðborgarsvæðinu.


Samkvæmt skráningu til Vinnuáalastofnunar voru 35 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í apríl 2023 með samtals 259 starfsmenn.

Alls voru 3.128 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok apríl og fækkaði um 109 frá mars.

Í apríl voru 309 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 10 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnuáalastofnun spáir því að draga muni úr atvinnuleysi í maí og gæti atvinnuleysi orðið á bilinu 2,9% til 3,1%.

Próun atvinnuleysis apríl 2021 til apríl 2023




## Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í apríl eða 4,6% og minnkaði úr 5,2% í mars. Hins vegar var atvinnuleysið á Suðurnesjum 7,6% í apríl 2022. Næst mest var atvinnuleysið 3,6% á höfuðborgarsvæðinu í apríl og minnkaði úr 3,8% í mars. Atvinnuleysi var 2,8% á landsbyggðinni í apríl og minnkaði úr 3,1% í mars. Á flestum stöðum á landsbyggðinni minnkaði atvinnuleysið frá mars nema á Vestfjörðum þar sem það stóð í stað.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,1%, á Austurlandi 1,6% og 1,8% á Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í mars og apríl.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á einu svæði, það er á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi karla var 3,6% og 3,5% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í apríl.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



## Greining atvinnuleysis

# Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.591 í lok apríl, 3.574 karlar og 3.017 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 272 frá marslokum en atvinnulausum konum fækkaði um 82.

Alls voru 647 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok apríl og fækkaði um 45 frá mars. Í apríl 2022 var fjöldi atvinnulausra á þessum aldri hins vegar 892.

## Lengd á skrá


Alls höfðu 1.552 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok apríl 2023 eða tæp 24% allra á atvinnuleysisrá. Í apríl 2022 var fjöldi þeirra hins vegar 3.087.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði var hins vegar 1.531 í apríl síðastliðnum en 1.799 í apríl 2022.

## Atvinnugreinar

Atvinnulausum í lok apríl fækkaði lítilsháttar í flestum atvinnugreinum frá lokum mars. Mest var fækkun atvinnulausra í ferðapjónustu, þ.e. farþegaflutningum, gistiþjónustu og ýmissi ferðapjónustu. Einnig fækkaði atvinnulausum nokkuð í menningartengdri starfsemi svo og í byggingariðnaði. Í upplýsingatækni og útgáfu fjölgaði atvinnulausum hins vegar lítilsháttar frá mars.


Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



## Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 3.128 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok apríl og fækkaði um 109 frá mars. Þessi fjöldi samsvarar um 6,5% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 47% í lok apríl.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.440 sem er um 46% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Lettar og Rúmenar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok apríl 2023



## Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur


### Atvinnuleyfi

Í apríl 2023 gaf Vinnumálastofnun út 214 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 177 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 115 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 99 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í apríl, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu sérfræðileyfi eða 65 leyfi. Þá voru gefin út 39 leyfi vegna fjölskyldusameiningar og 33 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru

skoðuð eftir starfsgreinum í apríl voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 37%, 24% vegna þjónustustarfa og 16% vegna starfa verkafólks. Um 22% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í apríl 2023



### Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 35 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í apríl 2023 með samtals 259 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 592 í apríl á vegum 20 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 53%, 23% frá Litháen og 13% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 10% starfsmanna komu frá 10 öðrum ríkjum.

### Atvinnuleit og vinnumiðlun

## Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í apríl 2023 voru gefin út 70 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 32 einstaklingar, átta fóru til Litháen og sjö fóru til Lettlands. Þá voru gefin út 23 vottorð til viðbótar til 12 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, apríl 2023




### Vinnumiðlun

## Auglýst störf í vinnumiðlun í apríl

Alls komu inn 364 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 258 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 51% starfanna er á höfuðborgarsvæðinu, 20% eru á Norðurlandi eystra og 11% á Suðurlandi. Þá eru 18% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í apríl 2023



## Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í apríl voru 309

einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 10 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 214 einstaklingar.

### **Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:**

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

**Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi** og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuáalastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra

